



Fundargerð

Fundur í skipulags-, bygginga-, húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps
mánudaginn 9. september 2013 kl. 10.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum

Mættir:

Sveinn Ragnarsson formaður, Herdís Matthíasdóttir og Egill Sigurgeirsson. Einnig sat fundinn Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Bogi Kristinsson skipulagsfulltrúi boðaði forföll.

Gestir:

Einar Sveinn Ólafsson forstjóri og Garðar Jónsson framleiðslustjóri Þörungaverksmiðjunnar sátu fundinn undir fyrsta lið.

Fundargerð er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Formaður bauð fólk velkomið, þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. 1309004 – Málefni Þörungaverksmiðjunnar hf.

Framkvæmdastjóri og framleiðslustjóri Þörungaverksmiðjunnar koma á fund nefndarinnar.

Formaður bauð gesti fundarins velkomna. Einar Sveinn fór yfir verkefnin sem Þörungaverksmiðjan hefur verið að vinna að síðustu misseri. Hann ræddi um öryggi fraktskipa við innsiglingu að Reykhólahöfn, t.d. staðfest innsiglingakort og upplýsingar varðandi örugga innsiglingu. Garðar Jónsson áréttaði að Þörungaverksmiðjan yrði upplýst um plön hafnarnefndar um aðgerðir á höfninni. Rædd var uppsetning á innsiglingamerki við höfnina, Egill nefndi að málin hefðu verið rædd við Siglingastofnun. Einar Sveinn nefndi að haft yrði samráð við Siglingastofnun varðandi bestu leiðir í þeim efnum, það sé mikilvægt vegna þeirra gjalda sem verksmiðjan greiðir vegna áhættu fraktskipa sem koma að bryggju. Sveinn nefndi að rennan hefði verið gerð til þess að minnka biðtíma að höfninni vegna sjávarfalla. Einar Sveinn kom því á framfæri að sveitarfélagið gefur út reglur vegna innsiglingarinnar og annarra þátta á höfninni. Einar Sveinn og Garðar komu á framfæri samstarfsvilja Þörungaverksmiðjunnar vegna öryggisþátta á höfninni, hjá verksmiðjunni liggi mikil þekking á þeim efnum. Einar Sveinn nefndi ósk sína um að fá að loka bryggjunni vegna löndunar á bryggjunni, Þörungaverksmiðjan hefði nokkrum sinnum lent í því að fá rútur af ferðamönnum á höfnina í miðri löndun, merki sem nú eru á höfninni hefðu ekki stöðvað þessa umferð, það væri þeirra mat að töluverð hætta hefði skapast við þessar aðstæður. Þá nefndi Einar aðkomu að Saltverksmiðjunni, Karlseyjarveg, þrengsli á hafnarsvæðinu. Að lokum var rætt um landtengibúnað á bryggjunni.

Formaður þakkaði gestum komuna og yfirlögu þeir fundinn.

Nefndin mun skoða þau atriði sem fram komu, sveitarstjóra ásamt starfsmanni hafnarinnar falið að koma með tillögur fyrir næsta fund nefndarinnar og vinna málið í samráði við Þörungaverksmiðjuna.

2. 1309003 – Ástandsúttekt á slysavörnum í Reykhólahöfn.

Úttekt Siglingastofnunar 26. júní 2013.

Nefndin fór yfir úttektina, sem er án athugasemda, gefinn er 90 daga frestur til að koma fyrir ljósum í stiga. Nefndin gerir það að tillögu að hafnarstarfsmönnum verði falið verkefnið. Samþykkt samhljóða.

3. 1309001– Deildará 139547 – Umsókn um stofnun nýrrar lóðar, Sjávarholt 220325.

Umsókn frá Ástu Jónsdóttur, Guðrúnu Bjarnadóttur og Halldóru Jónu Bjarnadóttur dagsett 3. september 2013.

Nefndin samþykkir að fela skipulagsfulltrúa stofnun lóðarinnar. Samþykkt samhljóða.

4. 1301023 – Strýta 139757 – Umsókn um byggingaleyfi.

Umsókn frá Guðrúnu Halldórsdóttur og Valdimar Valdimarssyni dagsett 1. september 2013.

Nefndin felur byggingafulltrúa að senda fyrirliggjandi gögn í grenndarkynningu og einnig að kanna stöðu lóðarinnar undir húsinu og lóðarleigusamning við eigendur. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar:

5. 1309002 – Umferðaröryggi í þéttbýli Reykhólahrepps.

Erindi sveitarstjóra til Vegagerðarinnar 4. september 2013.

Kynnt.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin:

6. 1309013 – Staða á vaðlaug við Grettislaug og framkvæmdaáætlun vegna sparkvallar og ípróttavallar.

Munnleg fyrirspurn frá Herdísi Matthíasdóttur.

Farið yfir stöðuna, sveitarstjóra falið að ítreka framkvæmdaáætlunina, málefni vaðlaugar eru í höndum Vínafélagsins í samvinnu við sveitarfélagið. Aðilar ættu að setjast niður með byggingafulltrúa og fara yfir ferli framkvæmdarinnar og gera áætlun um framvindu þess.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 13.

_____	_____
_____	_____
_____	_____